

Félag verkfræðinga og tæknifræðinga

- Kosið um sameiningu VFÍ og TFÍ

Innan tíðar munu félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands standa frammi fyrir þeirri spurningu hvort sameina eigi félögin undir nafni Verkfræðingafélags Íslands.

Forsagan

Sameining VFÍ og TFÍ hefur oft verið rædd og var kosið um sameiningu félaganna, ásamt Stéttarfélagi verkfræðinga (SV), árið 2006. Góður meirihluti var fyrir sameiningu í öllum félögunum. Innan VFÍ þurfti aukinn meirihluta sem ekki varð niðurstaðan. Afgerandi meirihluti reyndist með sameiningu VFÍ og SV og varð hún að veruleika 2011. Það skref reyndist afar farsælt og er nú lagt til að sameinað félag starfi samkvæmt lögum og skipulagi VFÍ. Þannig verða um 2/3 hlutar félagsmanna verkfræðingar og 1/3 hluti tæknifræðingar.

VFÍ og TFÍ hafa rekið sameiginlega skrifstofu í 22 ár. Síðastliðið vor var samstarfsnefnd á vegum félaganna falið að fara yfir samstarf og rekstur þeirra. Niðurstaða nefndarinnar er sú að sameining félaganna tveggja feli í sér mikil sóknarfæri.

Stjórnir félaganna hafa samþykkt einróma að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu VFÍ og TFÍ.

Hvers vegna sameining?

- Verkfræðingar og tæknifræðingar eiga samleið á grundvelli menntunar og starfa og saman eru þeir sterkari heild út á við. **Ekki verða breytingar á lögvernduðum starfsheitum.**
- Það er til hagsbóta fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga að samræma afstöðu sína til menntunarmála, kjaramála og annarra hagsmunamála og berjast fyrir þeim hlið við hlið.
- Atvinnumál eru langstærsta hagsmunamál stéttarinnar og þeim verður best sinnt í einu öflugum félagi.
- Stærra félag er öflugra og hefur meiri slagkraft. Til dæmis í kynningarstarfi og gagnvart yfirvöldum í menntunarmálum.
- Sameining einfaldar starf og skipulag skrifstofu sem eykur hagræði og bætir þjónustuna.

Hvernig framkvæmt?

Kynningarefni verður sent félagsmönnum í tölvupósti og það birt á heimasíðum félaganna. Á Facebook síðum félaganna verður hægt að bera fram spurningar

vegna sameiningarinnar. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið: tilkynningar@verktaekni.is

Þeir sem ekki hafa skráð netföng hjá félögunum fá gögn send í bréfaþósti.

Almennur kynningarfundur fyrir félagsmenn VFÍ verður haldinn í Verkfræðingahúsi **miðvikudaginn 26. október kl. 17.** Þar verða kynnt áform um sameiningu félaganna, tímaáætlun, drög að stofnsamningi og drög að lögum félagsins. Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur félagsins mætir á fundinn og svarar spurningum félagsmanna ásamt stjórn VFÍ.

Atkvæðagreiðsla fer fram meðal félagsmanna VFÍ og TFÍ dagana 5. – 11. nóvember 2017. Atkvæðagreiðslan verður rafræn og framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Kjörgögn verða send í bréfaþósti til þeirra félagsmanna sem ekki hafa skráð netfang.

Ef nægur meirihluti í báðum félögum er samþykktur sameiningu verður **stofnfundur sameinaðs félags** fimmtudaginn 1. desember 2016. Þar verða ný lög félagsins samþykkt og kosin stjórn. Stjórnin tekur við undirbúningi sameinaðs félags og tekur formlega til starfa um leið og félagið eða hinn 1. janúar 2017.

Sameinað félag tekur til starfa 1. janúar 2017. Samþykkt lög VFÍ taka gildi og stjórn sem kosin var á stofnfundi tekur við.

Fyrsti reglulegi aðalfundur félagsins verður haldinn í apríl 2017. Fráfarandi stjórnir VFÍ og TFÍ ganga frá uppgjöri og gera skil til aðalfunda sem halda skal í mars/apríl 2017.

Markmið hins sameinaða félags eru að:

Vera öflugur málsvari verkfræðinga og tæknifræðinga.

Standa vörð um gæði verkfræði- og tæknifræðimenntunar.

Gæta hagsmuna og standa vörð um réttindi félagsmanna.

Stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna.

Innan félagsins fari fram öflug og lifandi starfsemi.

Spurningar og svör

Fá allir sama starfsheitið við sameiningu félaganna?

Nei. Sameining hefur engin áhrif á starfsheitið.

Er ekki hættu á því að eitt stórt félag þróist út að verða fyrst og fremst fagfélag eða kjarafélag?

Það er skoðun þeirra sem gerst þekkja að kjaralegir og faglegir hagsmunir verði ekki aðskildir. Sameinað félag mun sinna **báðum** málaflokkum eins og undanfarin ár. Stórt félag með einn málsvara hefur meiri slagkraft og betri aðstöðu til að fjalla um faglega og kjaralega hagsmuni.

Er hugmyndin að húseign VFÍ renni inn í sameinað félag?

Nei. Stofnað verður sjálfseignarfélag um Verkfræðingahús sem er óháð rekstri sameinaðs félags. Fyrir atkvæðagreiðslu mun liggja fyrir stofnsamningur sjálfseignarfélagsins og verður hann birtur á vef VFÍ.

Hefur sameining áhrif á rétt manna til að ganga í lífeyrissjóð að vild?

Nei. Sameining hefur engin áhrif þar á.

Getur stjórn félagsins sem að meirihluta væri skipuð vinnuveitendum haft áhrif á kjarabaráttu félagsmanna?

Nei ekki frekar en nú. Sjálfstæði kjarabaráttunnar yrði áfram óskert. Sama gildir um yfirráð yfir kjarasjóðum. Launþegar hefðu áfram full og óskoruð yfirráð.

Getur stjórn félagsins sem að meirihluta væri skipuð launþegum sent alla í verkfall?

Nei. Einungis þeir félagsmenn sem eiga aðild að viðkomandi deilu eru virkir þátttakendur.

Hefur sameiningin áhrif á félagsgjöldin?

Nei. Félagsgjöld VFÍ og TFÍ eru þau sömu. Ekki er ráðgerð stefnubreyting varðandi félagsgjöldin sem eru með því lægsta sem gerist meðal sambærilegra félaga á Íslandi. Dæmi: Félagsgjald í VR er 0,7% af heildarlaunum og hjá aðildarfélögum BHM allt að 1,75% af heildarlaunum.

Ef af sameiningu verður er þá ekki ógjörningur að snúa til baka?

„Það er ómögulegt að spá um framtíðina“ segir einhversstaðar og margt getur gerst sem ekki var búist við. Það er hins vegar mat stjórna félaganna að yfirgnæfandi líkur séu á að sameiningin verði farsæl og til heilla um langa framtíð.

Er það endilega víst að stærra félag sé öflugra, betra?

Sameining snýst ekki einfaldlega um að stækka félagið, heldur mun fremur að styrkja það með því að sameina krafta hópa sem eiga mun meira sameiginlegt en ekki. Óbreytt ástand tryggir ekki að félögin verði áfram öflug, það veltur á þeim sem veljast til forustu hverju sinni.

Hvað verður um réttindi sjóðfélaga verða þau óbreytt?

Já. Sameiningin hefur ekki áhrif á sjóðina önnur en þau að þeir verða enn öflugri. Úttekt leiddi í ljós að staða sjóða VFÍ og TFÍ er sambærileg, einnig eru úthlutunarreglur að langmestu leyti þær sömu.

Mun starfsemi og skipulag skrifstofunnar breytast?

Nei. Ekki að öðru leyti en því að starfið verður skilvirkara og ýmiss konar tvíverknaður verður úr sögunni. Það gefur færi á að efla starfsemina enn frekar.

Markmiðin og leiðir að þeim:

Vera öflugur málsvari verkfræðinga og tæknifræðinga.

- Félagið skal á grundvelli stefnu sinnar taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðunni.
- Félagið starfi meðvitað að góðri ímynd félags og stéttar.
- Félagið beiti sér fyrir því að félagsmenn verði mótandi afl í samfélaginu á sviði tækni og vísinda.
- Félagið eigi gott samstarf við önnur samtök háskólamenntaðra manna og verði virkur þátttakandi í háskólasamfélaginu.
- Félagið beiti sér fyrir aukinni áherslu á rannsóknir og nýsköpun og leiti samstarfs við stofnanir og fyrirtæki á því sviði.

Standa vörð um gæði verkfræði- og tæknifræðimenntunar.

- Félagið móti skýra menntastefnu og fylgi henni eftir.
- Innan félagsins starfi öflug menntamálanefnd.
- Félagið taki virkan þátt í endur- og símenntun félagsmanna.
- Félagið hafi góð tengsl við menntastofnanir sem annast kennslu í verkfræði og tæknifræði.
- Félagið beiti sér fyrir óháðum úttektum á gæðum náms í verkfræði og tæknifræði í íslenskum menntastofnunum.
- Félagið leitist við að efla raungreinakennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Gæta hagsmuna og standa vörð um réttindi félagsmanna.

- Félagið starfræki víðtæka upplýsingaveitu á sviði kjaramála.
- Félagið verði bakland félagsmanna í kjaramálum og hvetji þá til dáða í sókn til bestu kjara.
- Félagið standi vörð um starfsheitin „verkfræðingur“ og „tæknifræðingur“.
- Félagið reki samninganefndir og geri kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna.
- Félagið veiti lögfræðilega ráðgjöf í kjaramálum og aðstoði við gerð ráðningarsamninga.
- Félagið vinni markvisst að því að útrýma kynjabundnum launamun í stéttinni.
- Félagið reki sjóði, s.s. sjúkrasjóð, orlofssjóð, fjölskyldu- og styrktarsjóð, vísinda- og starfsmenntunarsjóð o.fl.
- Félagið veiti einstaklingsbundna þjónustu.

Stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna.

- Félagið geri reglulegar kjarakannanir, sinni markaðsrannsóknnum og gefi út markaðslaunatöflur.
- Félagið hafi mótaða stefnu á helstu sviðum sem hafa með lífsgæði félagsmanna að gera og móti skýra jafnréttis- og fjölskyldustefnu.
- Félagið veiti sérfræðingum, stjórnendum og sjálfstætt starfandi og nýútskrifuðum markvissa þjónustu.
- Félagið haldi reglulegar kynningar fyrir nemendum í verkfræði og tæknifræði og undirbúi þá fyrir þátttöku á vinnumarkaði.
- Aukin harka á vinnumarkaði leiðir til aukins álags á launafólk. Mikilvægt er að nýtt félag móti og hrindi í framkvæmd jafnræðis- og fjölskyldustefnu.

Innan félagsins fari fram öflug og lifandi starfsemi.

- Félagið hafi yfir að ráða öflugum kynningar- og samskiptaneti.
- Félagið bjóði fjölbreytt, skemmtilegt og auðgandi fag- og félagsstarf.
- Ársþing félagsins verði framsækið þar sem fjallað verði um samfélagsmál sem tengjast störfum verkfræðinga og tæknifræðinga ásamt stefnumótandi umræðu fyrir starfsemi félagsins.
- Félagið höfði til nemenda og nýútskrifaðra tæknifræðinga og verkfræðinga.
- Félagið verði rekið á traustum grunni með fjölbreyttum tekjustofnum.

- Félagið verði virkur þátttakandi í norrænu samstarfi og stuðli að samstarfi við önnur samtök verkfræðinga og tæknifræðiga í Evrópu og víðar.